

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 18. desember 1984****um breytingu á tilskipun 80/181/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælieiningar****(85/1/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Á alþjóðlegum vettvangi hefur 17. almenna þingið um mál og vog (CGPM) breytt skilgreiningunni á lengdarmælieiningunni í alþjóðlega einingakerfinu. Þessa nýju skilgreiningu á að nota á vettvangi bandalagsins.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur í tilmælum sínum frá 22. maí 1981 farið fram á það að millímetri kvikasilfurs verði áfram notaður ásamt einingunni kílópaskal til að mæla þrýsting blóðs og annarra líkamsvökva. Æskilegt er að bandalagið samþykki þessa lausn.

Barn er sú eining sem almennt er notuð til að mæla það svæði þar sem áhrifa gætir af kjarnahvörfum. Nú hefur reynslan sýnt að engin eining í alþjóðlega einingakerfinu getur að réttu lagi komið í staðinn fyrir þessa tilteknu einingu. Því er nauðsynlegt að heimila að þessi eining verði notuð á sviði kjarnorkutækni.

Því ber að breyta tilskipun 80/181/EBE ⁽⁴⁾ samkvæmt framangreindu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 155, 14. 6. 1983, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 242, 12. 9. 1983, bls. 101.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 341, 19. 12. 1983, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 39, 15. 2. 1980, bls. 40.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við tilskipun 80/181/EBE er breytt svo sem hér segir:

1. Í stað skilgreiningarinnar á lengdareiningu í lið 1.1 í I. kafla komi eftirfarandi:

„Lengdareining

Metri er sú vegalengd sem ljósið fer í lofttömi á 1/299 792 458 sekúndum.

(Sautjándi almenna þingið um mál og vog (1983), 1. ályktun).“

2. Í 4. lið I. kafla:

- a) skal eftirfarandi bætt við töfluna:

„Viðfangsefni	Eining		
	Heiti	Tákn	Gildi
Þrýstingur blóðs og annarra líkamsvökva	millímetri kvikasilfurs	mm Hg (*)	1 mm Hg = 133,322 Pa
Þversnið áhrifasvæðis	barn	b	1 b = 10 ⁻²⁸ m ² “

- b) komi eftirfarandi í stað athugasemdarinnar:

„Forskeytin og tákn þeirra sem eru talin upp í lið 1.3. er heimilt að nota í samsetningum með ofangreindum einingum og táknum en þó ekki millímetra kvikasilfurs og tákn hans. Margfeldið 10² a er þó kallað „hektari“.“

3. Í II. kafla:

- a) falli mælieiningin fyrir blóðþrýsting í töflunni niður;

- b) komi eftirfarandi í stað athugasemdarinnar:

„Forskeytin og tákn þeirra sem eru talin upp í lið 1.3. í I. kafla er heimilt að nota í samsetningum með framangreindum einingum og táknum, þó ekki táknið „g“.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari hinn 1. júlí 1985. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. desember 1984.

Fyrir hönd ráðsins,

J. BRUTON

forseti.